



Reykjavík, 15. apríl 2024

VEL23120021

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

---

### Efni: **Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna leigu á gistiheimilum 2023**

Þann 6. desember 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um kostnað vegna leigu á gistiheimilum 2023:

*Flokkur fólksins óskar upplýsinga um kostnað velferðarsviðs við leigu á gistiheimilum á þessu ári þ.e. 2023. Fulltrúa Flokks fólksins hafa borist ábendingar um að það hafi færst í vöxt að velferðarsvið greiði háar fjárhæðir fyrir gistiheimili vegna fjölskyldna sem hafa ekki í nein hús að venda. Starfsmenn Reykjavíkurborgar sem vinna náið með fjölskyldum í þessari stöðu telja að þessi þróun muni aukast vegna slæmrar stöðu á húsnæðismarkaði.*

#### **Svar:**

Heildarkostnaður vegna greiðslu gistiheimila á árinu 2023 var um 5,5 m.kr. og er hluti af þeim kostnaði endurgreiddur af ríkinu þ.e. sá kostnaður sem kemur til vegna erlendra ríkisborgara sem dvalið hafa á Íslandi skemur en tvö ár, sbr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Velferðarsvið krefst endurgreiðslu síðasta ársfjórðungs að fjárhæð um 3,9 m.kr. Vinnumálastofnun fer nú yfir endurgreiðslu síðasta ársfjórðungs og má vænta svara í lok apríl. Fjárhæð endurgreiðslunnar liggur því ekki fyrir á þessu stigi. Því má gera ráð fyrir að kostnaður velferðarsviðs vegna greiðslu gistiheimila á árinu 2023 sé um 1,6 m.kr. með fyrirvara um fjárhæð endurgreiðslunnar.



**Reykjavík**